

13. fundur velferðarnefndar var haldinn á bæjarskrifstofunni miðvikudaginn 28. apríl 2010 og hófst kl. 17:00. Mættir voru: Unnur Þormóðsdóttir, Unnur Kjartansdóttir, Eyvindur Bjarnason, Ingibjörg Garðarsdóttir og María Kristjánsdóttir félagsmálastjóri. Jónína Þrastardóttir boðaði forföll.

Eftirfarandi fært til bókar:

1. Félagþjónustumál

3 mál færð í trúnaðarmálabók.

2. Barnaverndarmál

3 mál færð í trúnaðarmálabók.

3. Félagsmálastjóri lagði fram eftirfarandi upplýsingar um atvinnuleysi í Hveragerði og fjölda einstaklinga á fjárhagsaðstoð:

Samkvæmt upplýsingum frá Vinnumálastofnun er 8,8% atvinnuleysi í Hveragerði. Skráðir atvinnulausir í Hveragerði í apríl eru alls 114 en voru 137 í síðasta mánuði. Karlar á skrá eru 72 og konur eru 42. Ungir atvinnulausir, á aldrinum 16-24 ára eru alls 26 þarf af eru 6 ungmenni í starfsþjálfun hjá Hveragerðisbæ.

Fjárhagsaðstoðarþegar í apríl 2010 voru alls 20 manns. 11 af þeim eru yngri en 25 ára. Alls eru 6 manns sem fá fjárhagsaðstoð með börn á framfæri.

4. Lagt fram til kynningar bréf frá Velferðarvaktinni.

Í bréfinu er hvatt til að sveitarstjórnir og barnaverndarnefndir beiti sér fyrir aukinni umræðu meðal starfsfólks og kjörinna fulltrúa um fjölbreytileg úrræði til að koma á móts við þarfir barna og barnafjölskyldna. Var bent á að í kreppunni sem var í Finnlandi í upphafi 10. áratugarins fjölgaði vistunum barna utan heimilis síðan kom í ljós að aðrar lausnir hefðu komið að betra gagni og verið farsælli fyrir framtíð barnanna.

Nefndin hefur komið til móts við efnaminni barnafjölskyldur með því að styrkja tómstunda- og íþróttastarf barna, dagvistun barna og mótuneytiskostnað. Einnig hafa verið lagðir auknir fjármunir í sérstakar húsaleigubætur og boðið er upp á fjölskyldu- og meðferðar- Art sem unnið er í samstarfi við Skólaskrifstofu Suðurlands. Nefndin mun halda áfram að vera vakandi fyrir frekari úrræðum til barnafjölskyldna.

5. Samráðsfundur þjónustuhóps og velferðarnefndar haldinn 25. mars s.l.

Sjá meðfylgjandi fundargerð.

6. Átaksverkefni námsmanna.

Í ljósi þess að nú geta sveitarfélög sótt í sérstakan sjóð til að kosta átaksverkefni námsmanna sumarið 2010 þá leggur Velferðarnefnd Hveragerðisbæjar til við bæjarstjórn að sótt verði í sjóðinn um styrk til að ráða námsmenn sem annarsveggar myndu kenna eldri borgunum bæjarins að nýta sér hinar ýmsu tækninýjungar með einstaklingsmiðuðum hætti. Farið yrði að óskum hins aldraða varðandi námsefni, sem

dæmi yrði hægt að fá kennslu í að senda sms smáskilaboð, senda tölvupóst, skrifa sendibréf, læra á "skype" og "facebook" svo eitthvað sé nefnt. Hinsvegar myndu námsmenn vinna sem liðsmenn með fötluðum börnum sem ekki geta nýtt sér leikjanámskeið né vinnuskóla.

7. Matur fyrir eldri borgara.

Dvalarheimilið Ás hefur ákveðið að gefa eldri borgurum kost á að kaupa mat í mötuneyti staðarins. Velferðarnefnd Hveragerðisbæjar fagnar þeirri viðbót í þjónustu við eldri borgara sem Ás hyggst veita og sér þetta framtak sem þátt í að sporna gegn félagslegri einangrun. Velferðarnefnd vill jafnframt þakka þeim veitingaaðilum í Hveragerði sem bjóða eldri borgurum upp á mat á vægu verði fyrir gott framtak í þágu samfélagsins.

Fleira ekki gert fundi slitið kl. 18.15

Unnur Þormóðsdóttir (sign)

Unnur Kjartansdóttir (sign)

Eyvindur Bjarnason (sign)

Ingibjörg Garðarsdóttir(sign)

María Kristjánsdóttir(sign)